



# SAG3A05 – 20. öldin

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Þórdís Anna Hermannsdóttir

**Netfang/netföng:**

[thordis.hermannsdottir@borgo.is](mailto:thordis.hermannsdottir@borgo.is)

**Lýsing:**

Í áfanganum verður farið í valda efnisþætti. Námið er þematengt, en áherslan er á félagslega sögu. Leitast er við að virkja nemandann til að tengja viðfangsefnið við eigið líf og samfélag. Heimildir og heimildanotkun verður viðfangsefni. Fjölbreytni er höfð að leiðarljósi, bæði í efnisvali, aðferðum og námsmati.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekking:**

Nemandi fái innsýn í valda efnisþætti og tengi þá við eigið líf og samfélag.

**Leikni:**

Nemandi geti tekið þátt í samræðum, ígrundað viðfangsefni og sett fram hugmyndir og skoðanir á ýmsan hátt s.s. í ræðu og riti.

**Hæfni:**

Nemandi geti fjallað um ólík viðfangsefni með fjölbreyttum aðferðum. Nemandi þarf að sýna fram á skilning og leikni í heimildanotkun og tilvísanakerfi.

**Námsmat:**

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Ritgerð - munnleg saga: 20%

Þjóðarsagan: 8%

Norður – Írland: 10%

- BBC myndin (5%)
- In the name of the father (5%)

Ástandið: 5%

Tíska: 5%

Ólympíuleikarnir: 8%

Glæpir gegn mannkyninu: 14%

- Hlaðvarp (10%)
- Hótel Rúanda (4%)

Hlutapróf: 15%

Þátttaka og virkni: 15%



**Námsgögn:**

Námsefni er aðgengilegt á Innu.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Mikil áhersla er lögð á mætingu og þáttöku nemenda.

Gerð er krafa um að fjöldi almennra og óútskýrðra fjarvista fari ekki upp fyrir 10.

Námið byggir að miklu leyti á þjálfun í gagnrýnni hugsun og samtali um efnisþætti áfangans og því er nauðsynlegt að nemendur mæti mjög vel til að ná hæfnimarkmiðum áfangans. Fari fjöldi fjarvista yfir 10 verður nemanda vísað úr áfanganum.

Nemendur þurfa að þreyta alla þætti námsmats og fá að meðaltali 4,5 úr þeim, til að útskrifast úr áfanganum.

Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur.

*Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að kennslustund hefst telst nemandi fjarverandi í tímanum.*

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga	
2	9.-13. janúar	„Er Þjóðarsagan karlkyns?“	Þjóðarsagan 8%
3	16.-20. janúar	Glæpir gegn mannkyninu	Hótel Rúanda 4%
4	23.-27. janúar	Frh. Glæpir gegn mannkyninu	
5	30. jan- 3. febrúar	Frh. Glæpir gegn mannkyninu	Hlaðvarp 10%
6	6.-10. febrúar	Munnleg saga – verkefnavinna (undirbúningur verkefnis)	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Ástandið	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Frh. Ástandið	Vorannarhlé Ástandið 5%
9	28. febrúar- 3. mars	Vinna við verkefni um munnlega sögu	Munnleg saga 20%
10	6.-10. mars	Norður Írland	
11	13.-17. mars	Frh. Norður Írland	BBC verkefni 5%
12	20.-24. mars	Frh. Norður Írland	Vörðuvika II In the Name of the Father 5%
13	27.-31. mars	Guðmundar og Geirfinnsmálið	Valdagur
14	3.-11. apríl	<b>PÁSKALEYFI</b>	
15	12.-14. apríl	Upprifjun fyrir próf / hlutapróf	Hlutapróf 15%
16	17.-21. apríl	Ólympíuleikarnir verkefnavinna	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Kynningar á verkefni um ólympíuleikana	Ólympíuleikar 8%
18	1.-5. maí	Tíska innlögn	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Kynningar á verkefni um Tísku	Tíska 5%
20	15.-16. maí	Einkunnaskil	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*